

# Kvennafrí 2005



## Söngur um kvenmannslausu sögu "Íslendinga"

Lag: Gunnar Edander

Texti: Dagný Kristjánsdóttir og Kristján Jóhann Jónsson

Já, kvenmannslaus í kulda og trekki  
kúrir saga vor  
konurnar eru þar allavega ekki  
þó ekki dræpast þær allar úr hor.  
Fræðingarnir sleppa þeim stundum  
Og starf þeirra er ekkert til að fást um.

Hvar voru allar íslenskar konur?  
Einhverjar hafa verið hér  
því karlmaðurinn er konusonur  
hann kemur undan henni og sér.

Ég spyr—Hver var að raka  
hver var að spinna  
kemba og tæja  
og kúnum að sinna?  
spyr því það vantar alveg vitneskju um það.

Í fjósum voru kýr og kálfar  
mjólkuðu kýrnar sig kannski sjálfar?  
Eða gerðu karlmenn það —  
rétt eins og allt annað?  
— Viðlag—

Það er ekki vanþörf að athuga þetta  
því enginn veit neitt í sinn haus  
um það hví allt gekk eins og í sögu —  
og sagan alveg kvenmannslaus.

Þá var kvenfólk að vinna  
eins og vant er hjá þrælum  
en karlarnir lágu  
inn í bælum  
eða skrifa Íslendingasögurnar.

Í fjósunum voru kýr og kálfar  
mokuðu kýrnar flórin sjálfar?  
eða gerðu karlmenn það —  
rétt eins og allt annað?

Um vinnandi konur er ekki orð  
í Íslendingasögunum  
því húsbændurnir höfðu ekki  
hundsvit á búskapnum.

Þeir kunnu ekkert annað  
en kúra í fleti  
krota á blað  
og troða í sig keti —  
og fljúgast á með mestu ósköpum.

Já, karlmenn eru í þessu karlmannalandi,  
þið eru krónískur þjóðarvandi,  
þumbist og sperrist við —  
og þykist á við kvenfólkið.  
— Viðlag —

## Hvers vegna kvennafrí?

Texti: Valborg Bentsdóttir

Hvers vegna kvennafrí?  
Konurnar fagna því,  
takast mun allsherjar eining.  
Vanmetin voru störf,  
vinnan þó reyndist þörf.  
Aðeins í kaupum kyngreining.  
Nú á að brjóta í blað  
bráðlega sannast það,  
við sigrum, ef saman við stöndum.  
Konan á vilja og vit,  
vilji hún sýna lit.  
Tengjumst því baráttuböndum.  
Metin skal maðurinn,  
manngildi er hugsjónin.  
Enginn um ölmusu biður.  
Hljómar um fjöll og fjörð:  
Frelsi skal ríkja á jörð,  
jafnrétti, framþróun, friður.

## Hvers vegna þegjum við...?

Lag: Gunnar Edander

Texti: Þrándur Thoroddsen

Hvers vegna þegjum við þunnu hljóði?  
og þó við tölum er sem það heyrir vart.

Hvað gera stelpur, sem langar í ljóði  
að leggja til svo fjarskalega margt?

Og allir garga:

Hvað er hún að þvarga?

Það heyrir ekkert í henni.

Hvað ætli sé að röddinni?

Eiga þá stelpur alltaf að þegja  
og aðeins vona að strákar túlki þeirra mál?  
Eða upp að rísa og rétta úr kútnum  
og reka upp öskur!

„Ef þið bara hélduð kjafti  
þá munduð þið heyra í okkar hljóðu sál“.

Ó, ó, stelpur, ó, ó, ó stelpur

Við brýnum okkar raust svo berist hún um heiminn...

## Dómar heimsins

Ljóð: Jóhannes úr Kötlum.

Lag: Valgeir Guðjónsson

Dómar Heimsins, dóttir góð  
munu reynast margvíslegir  
Glímdu sjálf við sannleikann  
hvað sem hver segir.  
Gakktu einatt eigin slóð  
háilir eru hversmannsvegir  
Skeyttu ekki um boð né bann  
hvað sem hver segir.  
Inn í brjóst þitt ein og hljóð  
rýndu fast ef röddin þegir.  
Treystu á þinn inni mann  
hvað sem hver segir.

## Áfram stelpur (Í auglýs er nú frelsi)

Lag: Gunnar Edander

Texti: Dagný Kristjánsdóttir og Kristján Jóhann Jónsson

Í auglýs er nú frelsi,  
og fyrr það mátti vera,  
ný fylkja konur liði  
og frelsismerki bera.  
Stundin er runnin upp.

Tökumst allar hönd í hönd  
og höldum fast á málum  
þó ýmsir vilji aftur á bak  
en aðrir standa í stað,  
tökum við aldrei undir það.

Viðlag:

En þori ég vil ég get ég?

Já ég þori, get og vil.

En þori ég vil ég get ég?

Já ég þori get og vil.

Og seinna börnin segja:

sko mömmu, hún hreinsaði til.

Já seinna börnin segja:

þetta er einmitt sú veröld sem ég vil.

— Viðlag —

Áfram stelpur standa á fætur  
slítum allar gamlar rætur  
þúsund ára kvennakúgunar.  
Ef einstaklingurinn er virkur  
verður fjöldinn okkar styrkur  
og við gerum breytingar.  
Atkvæði eigum við í hrönnum  
komum pólitíkinni í lag  
sköpum jafnrétti og bræðralag.

Áfram stelpur, hér er höndin  
hnýtum saman vinaböndin  
verum ekki deigar dansinn í.  
Byggjum nýjan heim með höndum  
hraustra kvenna í öllum löndum  
látum enga linku vera í því.  
Börnin eignast alla okkar reynslu,  
sýnum með eigin einingu,  
aflíð í fjöldasamstöðu.

Stelpur horfið ögn til baka

á allt sem hefur konur þjakað  
stelpur horfið bálreiðar um öxl.

Ef baráttu að baki áttu

berðu höfuð hátt og láttu

efann hverfa 'unnist hefur margt.

Þó er mörgu ekki svarað enn:

því ekki er jafnréttið mikið í raun,

hvenær verða allir menn taldir menn

með sömu störf og líka sömu laun?

— Fyrsta vísa endurtekin —